



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 3. febrúar 2021
SFS2021010168
200. fundur
HG/adg/img

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Staða biðlista vegna leikskóla

Á 199. fundi skóla- og frístundaráðs 26. janúar 2021 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að farið verði yfir uppfærða stöðu biðlista eftir leikskólarými á næsta reglulega fundi ráðsins og þær lagðar fram sundurgreindar eftir hverfum borgarinnar.

Aðalinnritun í leikskóla Reykjavíkur (inntaka í pláss árgangs elstu barna sem eru á leið í grunnskóla) fór fram í byrjun apríl 2020. Samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um leikskólaþjónustu er miðað við að börn sem orðin eru 18 mánaða 1. september ár hvert fái boð um leikskóladvöl það sama haust. Var öllum börnum er uppfylltu það aldursviðmið 1. september 2020, auk barna sem hafa verið metin í forgangi, boðin leikskólavist. 1248 börn þáðu boðið. Þrettán börn voru enn á biðlista eftir að búið var að bjóða öllum börnum vist og eru ástæður helstar að foreldrar vildu bíða eftir ákveðnum leikskóla.

Við úttekt á biðlista eftir leikskóla 12. janúar 2021 eru samtals 61 börn á biðlistanum sem voru orðin 18 mánaða 1. september sl. Um er að ræða nýjar umsóknir frá því að aðalinnritun fór fram auk þess sem enn getur verið að einhverjir foreldrar vilji bíða eftir ákveðnum leikskóla.

340 börn sem voru yngri en 18 mánaða 1. september 2020 hafa hafið leikskóladvöl. Börn með umsókn (ný umsókn eða flutnings) sem eru fædd í desember 2019 og fyrr eru 1161.

Fjöldi umsókna fyrir börn sem voru orðin 18 mánaða 1. jan. 2021 eru 200. Fjöldi umsókna fyrir börn sem voru orðin 12 mánaða 1. jan. 2021 eru 737. Í janúar 2020 var fjöldinn 848 börn.

Í meðfylgjandi töflu er að finna upplýsingar um fjölda umsókna skipt eftir aldri barna og hverfum.

	Börn á biðlista með nýja umsókn 18 mánaða og eldri 1. september	Börn á biðlista með nýja umsókn 18 mánaða og eldri 1. janúar	Börn á biðlista með nýja umsókn 12 mánaða og eldri 1. janúar
Vesturbær	3	41	113
Miðborg Hlíðar	14	42	116
Laugardalur og Háaleiti	26	59	198
Grafarvogur	5	25	103
Árbær Grafarholt	5	11	91
Breiðholt	8	22	116
Samtals	61	200	737

Í ljósi sögunnar er biðlistinn lengstur á þessum árstíma, áður en farið er í stóru innritunina sem er um miðjan mars. Einnig er vert að geta þess að unnið er að úrbótum við leikskóla til að mæta því að margir leikskólar eru að taka inn yngri börn en áður hefur verið. Þá er rétt að árétta að ný leikskólarými verða tekin í notkun á komandi ári og árum í tengslum við Brúum bilið aðgerðaáætlunina. Nú er unnið að undirbúningi nýrra leikskóla m.a. við Kleppsveg, Safamýri Kirkjusand sem ráðgert er að opni á næstu 12-18 mánuðum. Í þessum þremur leikskólum verður rými fyrir um 270 börn alls. Á árinu 2021 verða opnuð ný leikskólarými í nokkru leikskólum borgarinnar þar á meðal Seljakoti, Funaborg og Gullborg. Alls er stefnt að fjölgun leikskólarýma um 1050-1100 á næstu þremur til fjórum árum til að mæta núverandi og væntri þörf foreldra og barna fyrir leikskólarými.